

Fundur 21.10.2024 Carol frá Bandaríkjunum, dó 2020 í Covid.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið, velkomin.*

Skynja ég til ykkar og vona ég að hið forna samband dugi sem fleytt hefur okkur áfram og hef frá mörgu að segja.

Gleður það mig að komast í sambandið, eru þið á jörðinni okkar gömlu ?

*Já.*

Já það er stórmerkilegt, hér vantar okkur fleiri slíka, reynum að tala til ykkar fólks og þeir segja að við séum andar, en við mótmælum því, við mótmælum því og þá segja þeir að við séum ringlaðir andar.

En það er ekki rétt.

*Já, já, það er lengi verið að tala um þessa anda.*

Já, já ég trúði nú á þessa anda þegar ég fór en það reyndist nú öðru vísi og líkamlegt líf eins og á jörðinni gömlu.

Það eru ekki andar, það eru framliðnir menn í líkómum eins og þið, en þegar við reynum að koma til spíritista, þá segja þeir að við séum andar.

Ég er að tala um skrítið, það eru ekki margir á mínum hnetti sem aðhyllast þessa skoðun og það var þannig líka á gömlu jörðinni, en þá trúði ég að vísu á anda, en við erum hér í líkamlegu lífi og við fengum framlíf á hnetti þar sem tæknin er eins og á jörðinni ykkar gömlu, en komin lengra.

Og vildi ég segja frá því sem ég hef upplifað á undan förnum árum og settist ég að, Klettafjöllin á minni gömlu heimaslóð, þau eru á þessum hnetti, Klettafjöllin og eru þau byggð fólk, en ekki á gamla hnettinum.

Og ég var náttúrubarn og ég komst í kynni við frumbyggjana á þessum hnetti, sem eru Indíánaættar eins og hjá okkur, og eru þeir öflugri miklu en á gamla hnettinum, og komu til þeirra kristnir trúboðar og heiðnir menn jöfnum höndum á þessum hnetti og lærðu þeir af hinum heiðnu mönnum að halda sambandsfundi og tala ég frá þessum fjöllum frá einum slíkum fundi.

Erum við tæknivætt samfélag og langflestir trúa ekki á líf eftir dauðann og erum við talin skrítin, en ég þekki frumbyggjana og erum hér mörg saman af norrænum ættum eins og þið í útliti og nokkrir svartir og gulir líka hér, blandast saman í þessum hópi og höldum þessa sambandsfundi, samkvæmt því sem þau kenndu okkur.

Og ætlaði ég að segja hér í kvöld frá vandamálum siðmenningarinnar sem er kominn lengra hjá okkur.

Ekki eru mörg ár síðan ég dó af gömlu jörðinni, og var það árið 2020 í Covinu og af þeim sjúkdómi og var aldrei trúuð, en hér á þessari jörð er tæknin komin lengra, og byrjað er að tengja fólk við vélar, og vildi ég vara ykkur við því.

Að berjast gegn þeirri þróun hjá ykkur.

Eru hér stéttskipting á milli þeirra sem völd og peninga hafa og þeirra sem minna hafa, og sjúkdóma þá sem hægt er að lækna með læknisfræðilegum aðferðum.

Eru þau farin að lækna með því að tengja fólk við vélar og er það ekki fögur sjón og mennskan á undanhaldi.

Vildi ég mjög gjarnan tala við ykkur síðar, bandarísk kona, var ég læknismenntuð, Carol Bandaríkjunum.

Vonast til að tala við ykkur síðar, þakka ég kærlega fyrir mig og allir Indíanarnir hér í samfélaginu mínu, biðja ykkur blessunar.

Eins og við þessi fáu, sem erum farin að taka þátt í þeirra lífi, ætla ég endilega að koma síðar og munið eftir mér.

Þakka ég fyrir mig, verið þið sæl.

*Mig langar að senda Indíanunum kveðju mína og þakka þér fyrir.*

Já takk fyrir, ég skal skila því.

*Blessuð og velkomin aftur.*